



Akraneskaupstaður

**Varðandi:** Íþróttamannvirki starfsmannafundir og fræðsla

**Málsnúmer:** 1502097

**Dagsetning:** 23. mars 2015

---

## SAMPYKKT SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐS Á 9. FUNDI SEM HALDINN VAR 3. MARS 2015.

*Skóla- og frístundaráð styður framkomna tillögu og maelir með því við bæjarráð að veitt verði aukafjárveiting til starfsmannafunda. Ráðið telur mikilvægt að fundirnir verði m.a. nýttir í fræðslu fyrir starfsfólk.*

---

### GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Á umliðnum árum hefur ekki verið áætlað fjármagn til þess að standa straum af starfsmannafundum í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar. Tillaga sem undirrituð lagði fyrir skóla- og frístundaráð gerir ráð fyrir að haldnir verði fjórir starfsmannafundir með starfsfólk annars vegar íþróttahússins á Vesturgötu og hins vegar á Jaðarsbökkum. Kostnaður sem fellur til vegna starfsmannafunda er annars vegar vegna afleysinga og hins vegar til að greiða starfsmönnum sem eru í fríi fyrir þátttöku á starfsmannafundum. Forstöðumaður hefur gert kostnaðaráætlun og skipulagt fjóra fundi sem taka m.a. mið af skóladagatölum.

Áætlaður kostnaður er sem hér segir:

Starfsmannafundir v. Jaðarsbakka kr. 350.000

Starfsmannafundir v. Vesturgötu kr. 175.000

**Samtals kr. 525.000**





Akraneskaupstaður

Starfsmannafundir munu nýtast til samráðs og einnig til fræðslu.

Samþykkt skóla- og frístundaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Helga Gunnarsdóttir

Helga Gunnarsdóttir  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs